

30. nóv. 2009

Fundur nr. 3

Fundur hjá skólaráði Stóru-Vogaskóla haldinn mánudaginn 30. nóv. 2009 í Stóru-Vogaskóla kl. 17:00.

Mættir: Svava Bogadóttir, Jón Ingi Baldvinsson, Þorvaldur Örn Árnason og Hilmar Egill Sveinbjörnsson (fulltrúar kennara), Þórdís Símonardóttir (fulltrúi starfsmanna) og Ingbór Guðmundsson og Guðrún Kristjánsdóttir (fulltrúar foreldra). Fulltrúa nemenda vantaði.

1. Seti og fulltrúar í skólaráði

Nýir fulltrúar, þau Ingbór og Guðrún boðin velkomin til starfa í skólaráð Stóru-Vogaskóla. Enn vantar fulltrúa úr atvinnulífinu. Ákveðið að Svava hefði samband við Árna Magnússon sem fulltrúa þeirra.

2. Starfsáætlun Stóru-Vogaskóla

Starfsáætlun Stóru-Vogaskóla kynnt. Einstakir liðir voru ræddir og kynntir fulltrúum utan skólans.

- Farið nokkuð vel yfir þróunarstarfið sem unnið er í skólanum.
- Starfskynningar sem voru þáttur í skólastarfi 10. bekkinga voru ræddar. Áhugi á að taka þær upp aftur en á öðrum tíma en áður var, þ.e. að vor. Hugmyndir voru uppi um að starfskynningar færu fram í febrúar.
- Rætt hvernig kenna mætti börnum gagnrýnni hugsun. Hvernig höfða mætti betur til nemenda með ýmsa hluti tengda leikjum og starfi.
- Valáfangar eldri bekkinga ræddir, m.a. hvað skuli bjóða uppá.
- Rætt var um námsverið og áherslurnar þar. Allir viðstaddir voru sammála um mikilvægi þess. Þar sem boðið er uppá aðstoð við hæg- og hraðfara nemendur.

4. Önnur mál

- Ákveðið að næsti fundur skildi haldinn 2. febrúar. Dagskrá þess fundar verður sent í viðhengi.

Fundi slitið kl. 18:10